

**Ed.**

**308. Nefndarálit**

[138. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess. Þó áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja brtt. um einstök atriði eða fylgja slíkum tillögum. Nefndin er sammála um, að það eigi að koma skýrt fram, að hafa beri samráð við hraðfrystiiðnaðinn um skiptingu þeirra 25 millj. kr., sem um ræðir í síðari mgr. 2. gr. og flytur því þá

**BREYTINGARTILLÖGU:**

að á eftir orðunum „Útvegsbanka Íslands“ í síðari mgr. 2. gr. komi: og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins.

Alþingi, 20. febr. 1968.

Pétur Benediktsson,  
form., frsm.  
Jón Árnason.

Jón Árm. Héðinsson,  
fundaskr.

Gils Guðmundsson.  
Bjarni Guðbjörnsson.

Sveinn Guðmundsson.

Magnús H. Gíslason.